

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 7. september 2016
UST201608-019/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rangárbakka 1, 3, 5 og 11 á Hellu, Rangárþingi ytra.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Rangárbakka 1, 3, 5 og 11 á Hellu.

Í ofangreindri tillögu að breytingu kemur fram að skipulagssvæðið stækkar til suðurs og að lóðirnar nr. 1, 3, 5 og 11 við Rangárbakka eru sameinaðar í eina lóð. Afmarkaðir eru þrír nýjir byggingarreitir fyrir verslun og þjónustubyggingar auk reita fyrir 40 frístundahús/gistihýsi og þjónustuhús fyrir frístundahúsin. Í nágrenni ofangreindrar lóðar eru gistihús, verslun og veitingahús.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frágangur á svæðinu sé vandaður og telur stofnunin að fallegur trjágróður umhverfis gistihýsi/frístundahús geti mildað ásynð þeirra.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur